

STOFNFUNDUR

fólks með lifrarsjúkdóm og/eða ígrædda lifur verður haldinn

**Þriðjudaginn 7. febrúar kl. 20:00
að Hátúni 10b fyrstu hæð**

Það er von þeirra sem að undirbúningnum standa flestir lifrarsjúklingar og aðstandendur þeirra verði með í stofnun félagsins.

Ef þú veist um einhvern sem á erindi í félagið endilega láttu hann vita.

Nánari upplýsingar í síma Félags nýrnasjúkra 561-9244

LÍFFÆRAGJAFAKORT

Bæklingur um líffærægjafir með líffærægjafakortum hefur loksins verið endurútgefinn! Hann fæst hjá Landlæknisembættinu og einnig á skrifstofu félagsins. Sendum bæklinginn ef óskað er

Ábyrgðarmaður: Jórunn Sörensen

nýrað

FRÉTTABRÉF

1. tbl. 25. árg. janúar 2012

Meðal efnis:

LÍFFÆRAGJAFAKORT
STYRKUR Í ÞÁGU NÝRNASJÚKRA BARNNA
LIFRARSJÚKIR STOFNA FÉLAG
NÝRNASKÓLINN – NÝTT NÁMSKEIÐ



Myndin er tekin á basar félagsins í Kringlunni 12. nóvember 2011

Félag nýrnasjúkra
Hátuni 10b 105 Reykjavík Sími 561 9244
netfang: nyra@nyra.is – vefsíða: nyra.is



Kæru félagar

Þetta er fyrsta fréttabréfið á árinu og ég óska ykkur gleðilegs árs þótt janúar sé nærri liðinn og sólin farin að hækka á lofti. Vonandi komist þið óbrotin í gegnum þennan snjópunga vetur og alla hálkuna sem hefur fylgt.

Eins og þið sjáið á auglýsingu á baksíðunni ætlar fólk með sjúkdóm í lífur að stofna félag. Þið munið vafalaust eftir því að í síðasta fréttabréfi var sagt frá því að í undirbúningi væri að lifrarsjúkir gengu í okkar félag en þegar málið hafði verið ítarlega rætt út frá öllum sjónarhornum var ljóst að sér félag myndi hentar lifrarsjúkum betur.

Miðvikudaginn 11. janúar sl. var einstakur dagur fyrir okkur í stjórn félagsins. Þann dag vorum við boðuð á fund til þess að hitta basarkonur Kvenfélags Reykjavíkurdeildar Rauða krossins og taka þar á móti ágóða af basar sem þær héldu fyrir jól. Á fundinn mætti einnig Viðar Eðvarðsson sérfræðingur í nýrnasjúkdómum barna og hjúkrunarfræðingurinn Inger Ágsústsdóttir en konurnar höfðu ákveðið að það sem inn kæmi á basarnum rynni í þágu nýrnasjúkra barna. Viðar fræddi viðstadda um málefni nýrnasjúkra barna og hvernig peningarnir yrðu notaðir. Margr var spurt enda almenn vitneskja um nýrun, starf þeirra og hvað getur skemmt þau, ekki mikil. Þetta var einstaklega ánægjulegur dagur og þakklæti okkar til basarkvenna verður vart með orðum lýst.

Basar félagsins sem haldinn var 12. nóvember sl. í Kringlunni tókst vel. Margir félagsmenn lögðu hönd á plóg með því að gefa fallega handavinnu og dásamlegt bakkelsi. Ástarpungar, kleinur, heilsubrauð, rúgbrauð og brownies lifa enn í minningunni. Mikil áhersla var lögð á að kynna starf félagsins og vakti myndin sem birtist í Morgunblaðinu af hjónunum sjö – hjónunum sem eiga það sameiginlegt að annað hefur gerið hinu nýra – mikla athygli.

Aðalfundur félagsins verður haldinn miðvikudaginn 28. mars nk. Takið daginn frá. Aðalfundarboð verður sent út til félagsmanna síðar. Á þessum fundi að kjósa tvo aðalmenn og einn varamann í stjórn og ég beini því til félagsmanna að þeir íhugi að gefa kost á sér og láta gott af sér leiða í þágu málefna nýrnasjúkra.

Jórunn Sörensen

NÝRNASKÓLINN

Nýtt námskeið hefst miðvikudaginn 22. febrúar nk. og stendur í fimm vikur. Námskeiðið er ætlað bæði nýrnasjúkum og aðstandendum þeirra.

Mat þeirra á námskeiðinu sem hafa tekið þátt er mjög gott. Þarna fer fram margvíslega fræðsla um nýrun og starfsemi þeirra og hvað gerist ef þau bila. Einnig má nefna að fjallað er um mataræði, hvernig það er að lifa með langvinnan sjúkdóm og félagsleg réttindi öryrkja og langveikra.

Hildur Einarsdóttir hjúkrunarfræðingur stjórnar Nýrnaskólanum og gefur allar nánari upplýsingar í síma: 543-1436 og 825-3600. Netang Hildar er: hildurei@landspitali.is

Tengslahópur nýrnasjúkra og aðstandenda

viðtalsbeiðnir í síma 896-6129

munið

OPIÐ HÚS

á þriðjudögum frá klukkan 17 – 19 á 9. hæð í Hátúni 10b.